Sþ. **417. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um undirbúning byggingar stýrimanna- og vélstjóraskóla.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

Tillögugreinin orðist svo:

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera uppdrátt og kostnaðaráætlun um byggingu nýs skólahúss, er rúmi alla kennslu, bóklega og verklega, sem nauðsynlegt er, að fram fari við skóla fyrir skipstjóra- og stýrimannaefni, vélstjóra, vélfræðinema og rafvirkja, matreiðslumenn á skipum, loftskeytamenn og aðrar sérfræðigreinar, sem líkur benda til, að krafizt verði af þeim mönnum, er atvinnu stunda á fiskveiði- og verzlunarflotanum.

Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um undirbúning byggingu farmanna- og fiskimannaskóla.